

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 235/1993. **Skipatækni hf.**

gegn

Sigurði Ingvasyni.

Kærumál. Framlagning skjala. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. maí 1993, sem barst réttinum 7. júní. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 165. gr. sömu laga.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, er mál þetta höfðað sem meiðyrðamál vegna ítrekaðra ummæla í ýmsum fjölmiðlum. Auk krafna um ómerkingu og refsingu eru þar gerðar viðtækar kröfur um bætur fyrir fjártjón og miska, enda varða ummælin atvinnu sóknaraðila. Eins og dómkröfum var háttað, var þess að vænta, að fram kæmi í málinu mikið af skjölum, og hefur sú orðið raunin. Þannig þurfti sóknaraðili að leggja fram 12 skjöl til þess eins að sýna hin átöldu ummæli. Með greinargerð sinni lagði varnaraðili fram mörg skjöl því til stuðnings, að hann gæti staðið við orð sín, og virðast þau ekki umfram tilefnið. Hins vegar kallaði þetta á frekari skjöl frá hendi sóknaraðila. Komu þau fram fljótlega, eftir að héraðsdómari tók málið til meðferðar, en dráttur hafði þá orðið á málinu, sem sóknaraðili verður ekki sakaður um. Þessari gagnaöflun fylgdi sá vandi auk skjalafjöldans, að skriflegum skýringum með viðbótarskjölunum varð ekki við komið. Taldi dómarrinn óhjákvæmilegt að hafna aðilaskýrslu frá stefnda vegna ákvæða 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en framlagning slíkrar skýrslu kynni að hafa orðið til bóta.

Þegar litið er á málið í heild, verður að fallast á það með héraðsdómara, að meðferð þess hljóti að vera vanda bundin og líkleg til að verða flókin. Er varhugavert að hafna því mati hans, að ástæða sé til að vísa málinu frá dómi, eins og því er nú komið. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem í honum er vitnað til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunarúrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Skipatækni hf., greiði varnaraðila, Sigurði Ingvasyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1993.

Mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 24. mars 1992 og tekið til úrskurðar í héraðsdóminum 19. þ. m., hefur Skipatækni hf., Reykjavík, höfðað á hendur Sigurði Ingvasyni skipaverkfræðingi, Gärdesvägen 31, Hovås, Svíþjóð, með stefnu, birtri þar 10. febrúar 1992, sem meiðyrðamál vegna ummæla í Ríkisútvarpinu 9. mars og 14. apríl 1991, á Stöð 2 8., 9., 14. og 19. mars 1991, útvarpsstöðinni Bylgjunni 9. og 14. mars 1991, í Morgunblaðinu 9. og 16. mars og 5. apríl og Dagblaðinu Vísi 20. mars 1991. Krafist er refsingar, fébóta, ómerkingar og kostnaðar af birtingu.

Hinn 8. janúar 1990 samþykkti ríkisstjórnin, að stefnt skyldi að smíði 68-70 m langrar Vestmannaeyjaferju. Smíði skipsins var boðin út í júní 1990 á grundvelli útboðslýsingar, sem stefnandi hafði unnið. Stefnandi yfirfór tilboðin og gerði samanburð á þeim og tillögur um val viðsemjanda. Samkvæmt þeim tillögum var samið við skipasmið í Flekkefjord í Noregi í apríl 1991. Stefndi hafði verið viðriðinn tilboð á grundvelli útboðs í Vestmannaeyjaferju á árinu 1989. Að hans frumkvæði var haldinn fundur með forráðamönnum stefnanda og útgerðar skipsins, Herjólfss hf., 18. desember 1989, og kynnti stefndi þar hugmyndir sínar. Tók hann þá það loforð af fundarmönnum að nota ekki bandarísk einkaleyfi sín við hönnun skipsins. Hætt var við ferjusmíði á grundvelli upphaflegra útboðsgagna og stefnanda falið að hanna minna skip. Þegar stefnda bárust útboðsgögn, þóttist hann þar kenna hugmyndir sínar, þær, sem hann hafði fengið einkarétt á í Bandaríkjunum, og vera illa svikinn. Hin umstefndu ummæli viðhafði hann af því tilefni.

Ummælin eru tilgreind í tólf liðum og taka yfir tæpar þrjár síður í stefnunni. Skipið er sagt illa hannað, stórgallað, óhagkvæmt og rándýrt, — stórhættuleg manndrápsfleyta, — byrðingur of þunnur, stefnið laust, vélar of stórar og eyðslufrekar og stefnandi sagður hafa stolið hugmyndum stefnda, gengið með því á bak orða sinna og lagt allt kapp á með óheiðarlegum og óeðlilegum hætti, að skipið yrði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð, er hefði smíðað öll skip, sem stefnandi hefði teiknað.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á grundvelli 66. gr. og 73. gr. laga nr. 85/1936, en sýknu til vara. Báðir krefjast málskostnaðar. Stefnandi reisir málshöfðunarheimild sína á 84. gr. s. l. og krefst þess, að frávísunarkröf-unni verði hrundið.

Á það ber að fallast með stefnanda, að málið sé réttilega höfðað á brota-varnarþingi í Reykjavík, sbr. tilvitnað ákvæði og d-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Við flutning um frávísunarkröfu gaf dómariinn umboðsmönnum aðila kost á að tjá sig um hugsanlega frávísun málsins ex officio. Stefnandi hélt uppi vörnum fyrir málatilbúnað sinn, er stefndi taldi, að vísa bæri frá vegna galla á málatilbúnaði, þótt hann hefði ekki reist kröfu sína á þeirri máls-ástæðu.

Eftir að stefndi hafði skilað greinargerð og komin voru 62 skjöl í málið, voru lögð fram 90 skjöl til viðbótar af hálfu stefnanda, þar af 74, sem ekki verður betur séð en mátt hefði leggja fram við þingfestingu. Synjað var framlagningar aðilaskýrslu, þar sem það hefði aðeins mátt gera við þingfestingu skv. 105. gr. nefndra laga. Eigi að síður hafa auk stefnu og greinargerðar verið lögð fram þrjú skjöl, dskj. 28, 71 og 143, sem fela í sér skriflegan málflutning af hálfu stefnanda. Níu skjöl eru tvíframlögð. Loks hefur stefnandi lagt fram 103 síðna bók, út gefna af Ríkisendurskoðun, þar sem fjallað er um Vestmannaeyjaferju auk annars. Skjölin virðast ekki vera lögð fram í neinni skipulegri röð.

Stefndi hefur talið sig þurfa að bregðast við gagnaöflun stefnanda með umfangsmikilli viðbótargagnaöflun, og verður á þessu stigi málsins ekki séð fyrir endann á sönnunarfærslu aðila. Stefnandi hefur lagt fram fjölda blaðaúrklippna máli sínu til stuðnings, og stefndi hefur lagt fram þykkt hefti, út gefið af Miðlun hf., með heitinu „Smiði og hönnun Herjólfss janúar 1991 til desember 1992“ með blaðaúrklippum um það efni, þar á meðal hinum sömu, sem stefnandi hafði lagt fram áður. Stefnandi hefur hvorki lagt fram endurrit skv. 43. gr. laga nr. 85/1936 og 13. gr. laga nr. 91/1991 né þýðingar skjala á erlendum málum, sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936 og 10. gr. laga nr. 91/1991. Málið er með þessum hætti þegar orðið miklum mun umfangsmeira og erfiðara viðfangs en efni standa til. Því verður að sjálfsgöðu ekki vísað frá vegna ávirðinga stefnda, en stefnandi hefur átt

frumkvæði að því að leiða málið í þann farveg, sem það er komið í, stefnt því í það óefni, sem orðið er.

Málsmeðferð stefnanda, sem hér hefur verið lýst, fer í bága við þá réttar-farsreglu, sem fram kemur í 110. gr. laga nr. 85/1936 og 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 105. gr. fyrrnefndra laga, að aðilar skuli leggja fram gögn, sem þeir hyggjast byggja á, strax og tilefni og tækifæri er til. Þar sem heimild skortir til frekari skriflegrar greinargerðar, eru ekki tök á, að skriflegur grundvöllur málsins verði lagður með viðunandi hætti. Afstaða stefnda til hinna fjölmörgu skjala, sem stefnandi lagði fram eftir greinargerð stefnda, myndi ekki koma nægilega fram fyrir aðalmeðferð. Þótt stefndi hafi ekki krafist frávísunar, er til þess að líta, að hann stendur verr að vígi en ef hann hefði haft tækifæri til að taka afstöðu til gagna stefnanda í greinargerð.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 85/1936 skyldi fylgja skjólum á erlendu máli þýðing löggilts skjalapýðanda, og skv. 10. gr. gildandi laga skal þeim að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti, sem byggt er á efni þeirra. Stefnandi hefur lagt fram 51 skjal á erlendu máli, án þess að fram kæmi, að hvaða leyti byggt er á efni þeirra, og án þess að þeim fylgdi þýðing.

Að öðru leyti fer málatilbúnaður stefnanda í bága við meginregluna um greiða málsmeðferð og skýran og skipulegan málatilbúnað, sbr. einkum 101. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu þykir bera að vísa máli þessu frá dómi og fella niður málskostnað.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
